

Ársskýrsla

2022

Fimleikasamband Íslands

Efnisyflit

1 *Formáli*
2 *Stjórn og skrifstofa FSÍ*
4 *Takk Bergþóra, Fjóla og Þorbjörg*
5 *Samningur við Icelandair*
7 *Keppni óháð kynjum*
8 *Valgarð á styrk*
8 *Björn Magnús sæmdur viðurkenningu*
9 *Fræðsla*
10 *Takk fyrir*
11 *Fimleikar fyrir alla*
12 *Fimleikar fyrir fatlaða*
13 *Norðurlandamót í áhaldafimleikum*
15 *Innlend mót*
17 *Íslandsmót*
21 *Bikarmót*
23 *Erlend verkefni*
31 *EM hornið*
33 *Uppskeruhátíð*
37 *Heiðursverðlaun*
41 *Nefndir*
45 *Ársreikningar*



Leiða







Við erum

Afreka







Vaxa



öll FSÍ





Marka

Efla



BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
Europcar

66° NORTH

CRAFT

Formáli



Sigurbjörg Fjölnisdóttir
Formaður Fimleikasambands Íslands

Ágætu þingfulltrúar.
Verið öll hjartanlega velkomin á fimleikaþing.

Árið 2022 var sannarlega viðburðaríkt fyrir Fimleikasambandið sem og mig persónulega. Á síðasta þingi var ég kjörin á ný að gegna stjórnarsetu til að vinna að hagsmunum fimleika á Íslandi og vil ég þakka kærlega þann stuðning sem mér var sýndur þar. Tók ég sæti varaformanns á fyrsta fundi stjórnarinnar eftir þingið, sem ég hafði einnig gegnt árið á undan.

Í september sagði þáverandi formaður, Kristinn Arason, af sér sem leiddi til þess að ég tók sæti formanns og Magnús H. Jónasson tók við mínu sæti sem varaformaður. Frá því ég tók við sæti sem formaður Fimleikasambandsins hef ég reynt að setja mark mitt á vinnubrögð innan sambandsins og láta mig alla fimleika varða sem og allt fimleikafólk.

Það var sannarlega ánægjulegt þegar langþráð markmið sambandsins að ná styrktarsamningi við Icelandair náðist. Það er mikilvægt fyrir félag sem okkar að fá slíkan styrk inn í okkar daglegt starf sem og afreksstarf og vil ég hrósa starfsfólki skrifstofunnar fyrir þrotlausa vinnu við að afla þess samnings fyrir hönd okkar allra.

Mig langar alveg sérstaklega að draga fram og nefna hér starf sjálfboðaliðanna okkar. Gríðarlegur fjöldi sjálfboðaliða starfar fyrir hönd FSÍ á öllum stigum í okkar sambandi sem og um allt land. Þessir sjálfboðaliðar halda uppi mótahaldi okkar, vinna margvísleg störf innan sinna félaga, sitja í stjórnum til að marka þær leiðir sem félögin fara og svo mætti lengi telja. Ég fagna þeirri umræðu sem íþróttahreyfingin hefur komið af stað við að lyfta sjálfboðaliðum upp, sem mátti meðal annars sjá á viðburðinum Íþróttamaður ársins þegar við heiðruðum formlega starf sjálfboðaliðans. Við værum sannarlega ekki jafn öflug hreyfing og raunin er ef ekki væri fyrir óeigingjarnt starf sjálfboðaliðanna.

Kæru vinir, ég vona sannarlega að við munum eiga gott og lærdómsríkt fimleikaþing. Ég hef ákveðið að óska eftir ykkar umboði til að gegna embætti formanns næstu tvö árin og vinna áfram að umbótum okkur öllum til heilla.
Áfram íslenskir fimleikar!

Sigurbjörg Fjölnisdóttir
formaður Fimleikasambands Íslands

Stjórn FSÍ

2022-2023

Stjórn kjörin á þingi Fimleikasambands Íslands 23. apríl 2022.

Sigurbjörg Fjölnisdóttir
Formaður (Varaformaður til september)

Magnús Heimir Jónasson
Varaformaður (Meðstjórnandi til september)

Axel Þór Eysteinsson
Meðstjórnandi

Þór Ólafsson
Gjaldkeri

Halldóra Guðvarðardóttir
Ritari

Marta Sigurjónsdóttir
Meðstjórnandi (varamaður til september)

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
Meðstjórnandi (varamaður til desember)

Kristinn Arason formaður til september 2022.
Stefanía Reynisdóttir meðstjórnandi til desember 2022.

Skrifstofa FSÍ



Sólveig Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri



Eva Hrund Gunnarsdóttir
Fjármálastjóri



Helga Svana Ólafsdóttir
Fræðslustjóri



Edda Dögg Ingibergsdóttir
Rekstrar- og mannauðsstjóri



Róbert Kristmannsson
Landsliðsþjálfari



Þórey Kristinsdóttir
Afreksstjóri áhaldafimleika



Íris Mist Magnúsdóttir
Afreksstjóri hópfimleika

Takk Bergþóra, Fjóla og Þorbjörg

Við viljum þakka Bergþóru Kristínu Ingvarsdóttur, Þorbjörgu Gísladóttur og Fjólu Þrastardóttur kærlega fyrir þeirra frábæru störf og óskum þeim velgengis á nýjum vettvangi. Sambandið naut góðs af þeirra kröftum og erum við þakklát fyrir þann tíma sem þær auðguðu starf hreyfingarinna með sínum störfum.

Við vitum að hjarta þeirra slær fyrir fimleika og við hlökkum til að fylgjast með þeim í öðrum störfum innan hreyfingarinnar og vonum að við fáum tækifæri til að vinna með þeim aftur í framtíðinni.



Þorbjög Gísladóttir



Bergþóra Kristín Invarsdóttir



Fjóla Þrastardóttir









SAMNINGUR

Sunnudaginn 11. september náðist langþráð markmið Fimleikasambandsins þegar samningi var náð við Icelandair.

Með samstarfinu mun Icelandair styðja dyggilega við starf Fimleikasambandsins og starf afreksfólks í fimleikum sem felur í sér mikil og kostnaðarsöm ferðalög um allan heim. Við fögnum þessu nýja samstarfi og hlökkum mikið til að starfa náið með Icelandair í framtíðinni.



Að hefja samstarf við Icelandair markar tímamót í okkar starfi sem við erum ákaflega spennt og þakklát fyrir.



Keppni í fimleikum óháð kynjum

Keppni óháð kynjum

Á Fimleikaþingi 2022 var umræða um kynsegin einstaklinga og keppni í fimleikum. Stjórn og tækninefndir tóku í kjölfarið þá ákvörðun, í samræmi við umræður á þingi, að leyfa keppni óháð kyni upp að 14 ára aldri.

Kynsegin einstaklingar geta keppt í þeim flokki/grein sem þeir samsama sig með og lúta þá þeim reglum sem fylgja þeim flokki/grein. Ekki er í boði að keppa í fleiri en einum flokki/grein á sama móti.

Valgarð á styrk Ólympíusamhjálpar

Í maí mánuði var gengið frá samningum Ólympíusamhjálparinnar við sérsambönd ÍSÍ og íþróttafólk þeirra vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í París 2024. Sjö einstaklingar frá fjórum sérsamböndum ÍSÍ skrifuðu undir samning. ÍSÍ barst 18 umsóknir frá níu sérsamböndum, en umsækjendur eiga það sameiginlegt að stefna á að ná lágmörkum og þannig vinna sér inn keppnisrétt á Ólympíuleikunum í París 2024.

Valgarð Reinhardsson fimleikamaður er á lista styrkþega að þessu sinni. Með honum á lista eru: Anton Sveinn McKee / Sundsamband Íslands, Guðni Valur Guðnason / Frjálsíþróttasambandi Íslands, Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir / Frjálsíþróttasambandi Íslands, Guðlaug Edda Hannesdóttir / Þríþrautarsamband Íslands, Hilmar Örn Jónsson / Frjálsíþróttasamband Íslands og Snæfríður Sól Jórunnardóttir / Sundsamband Íslands.

Björn Magnús sæmdur viðurkenningum

Björn Magnús hefur verið einn af allra bestu dómurum Íslands undanfarin ár, en hann var sæmdur heiðursviðurkenningum frá bæði Alþjóða fimleikasambandinu (FIG) og Evrópska fimleikasambandinu á árinu.
Viðurkenningin frá Alþjóðafimleikasambandinu var afhent á meðal fimleikafjölskyldunnar á Norðurlandamótinu í áhaldafimleikum sem fram fór í júlí á Íslandi. Á Evrópumótinu sem fram fór í ágúst í München heiðraði Evrópska sambandið hann fyrir sín miklu og óeigingjörnu störf í þágu íþróttarinnar.

Björn Magnús hefur í áratugi verið sá dómari sem unnið hefur mikla sigra með framgöngu sinni bæði hérlendis sem og erlendis á alþjóðlega sviðinu. Hann hefur staðið sig með það mikilli prýði í sínum störfum sem dómari á Evrópu- og heimsmeistaramótum að bæði FIG og Evrópska fimleikasambandið hafa valið hann sérstaklega til þátttöku á Ólympíu- og Evrópuleikum.

Björn hefur dæmt á fjórum Ólympíuleikum og tveimur Evrópuleikum og hafði þetta um dómaraferill sinn að segja:

”Ég hef dæmt mörg mót á löngum ferli sem spannar 30 ár og á erfitt með að gera upp á milli móta en mörg eru eftirminnileg. Ætli mér hafi ekki fundist skemmtilegast að dæma Alexei Nemov, hann var tignarlegur og flottur og hafði alltaf salinn með sér. Ég hef alltaf undirbúið mig fyrir öll mót með því að sitja podium æfingar og dæma og fylgjast með. Í seinni tíð hef ég notað youtube líka.”

Fræðsludagur, þjálfara- og dómaranámskeið

Fræðsludagur Fimleiksambandsins er orðinn fastur liður hjá okkur á haustin. Mikil ánægja var með fyrirlestrana í ár og vonandi eitthvað sem þjálfarar geta nýtt sér í sinni þjálfun. Tæplega 100 þjálfarar mættu í Háskólann í Reykjavík og hlustuðu á þrjá fyrirlestra sem voru:

- *Hvernig höldum við í unglingana okkar? Björgvin Ingi Ólafsson.*
- *Fimleikar og bakheilsa, Guðmundur Þór Brynjólfsson.*
- *Allir eru einstakir, Þorgrímur Þráinsson.*

Eins og undanfarin ár var einnig hægt að hlusta á fyrirlestrana í Canvas bæði á ensku og íslensku en um það bil 250 þjálfarar nýttu sér það.

Dómaranámskeið voru haldin í öllum greinum, bæði fyrir nýja dómara en einnig þurftu allir dómarar að endurnýja réttindin sín. Námskeiðin voru vel sótt og er fimleikahreyfingin á Íslandi rík af góðum dómurum.

Þjálfaranámskeið voru haldin í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum í gegnum nýtt fræðslukerfi. Auk þess voru móttökunámskeið, námskeið fyrir starfsfólk leikskólahópa og endurmennturnarnámskeið fyrir íþróttakennara grunnskóla. Flest námskeiðin voru ágætlega sótt og almenn ánægja með kennslu og fyrirkomulag.



Myndir frá fræðsludegi sambandsins



Takk fyrir!

Afturelding
Ármann
Björk
Fimak
Fjölnir
Fylkir
Gerpla
Grótta
Höttur
ÍA
Keflavík
Selfoss
Stjarnan
Þór

Fimleiksambandið þakkar þeim félögum sem lánuðu hús fyrir úrvalshópa, landsliðin okkar, mót og námskeið. Án ykkar væri erfitt að halda úti þessu flotta starfi fyrir fimleikafólkið okkar og þjálfara. Góð samvinna við félögin er lykillinn að góðum árangri.

Fimleikar fyrir alla

Golden age

FImleikahátíðin Golden age fór fram á paradísareyjunni Madeira í október. Hátíðin er haldin á vegum Evrópska fimleikasambandsins og nefndar um fimleika fyrir alla og er fyrir 50 ára og eldri. Frá Íslandi fóru 130 manns í fimm hópum. Hóparnir tóku þátt í vinnustofum í mismunandi íþróttum og sýndu sýningaratriði tvisvar sinnum yfir vikuna. Íslensku hóparnir voru stórglæsilegir og mikil ánægja var með hátíðina innan hópanna.



Eurogym

EuroGym hátíðin fór fram í borginni Neuchâtel í Sviss dagana 10. – 14. júlí. Um er að ræða fimleikahátíð fyrir börn á aldrinum 12 til 18 ára sem er hluti af Fimleikum fyrir alla. Frá Íslandi fóru 150 þáttakendur frá fimm félögum; Ármanni, Selfossi, Gerplu, Stjörnunni og Aftureldingu. Yfir vikuna tóku iðkendur þátt í ýmsum vinnustofum ásamt því að taka þátt í tveimur sýningum. Mikil gleði var við völd hjá iðkendum í ferðinni og stóðu þau sig öll með prýði.



Fimleikar fyrir fatlaða

Special Olympics hátíð í Kolding

Átta keppendur í nútímafimleikum héldu á Special Olympics hátíð í Kolding, Danmörku. Hátíðin heitir „Special Olympics Idrætsfestival" og er stærsta íþróttahátíðin í Danmörku fyrir fólk með þroskahömlun. Stúlkurnar kepptu á sama stigi og var einungis keppt á tveimur áhöldum; sippubandi og borða. Stúlkurnar komu allar sigursælar heim með medalíu um hálsinn. Eftir mótið sýndi hvert og eitt land atriði og sýndi íslenski hópurinn dansatriði með lagi úr "The Greatest Showman". Daginn eftir sýninguna sýndi hópurinn dans á lokahátíðinni sem danska prinsessan Benedikte horfði á. Skemmtileg ferð sem fór beint í reynslubankann.



Íslandsleikar í áhalda- og nútímafimleikum

Á árinu fóru fram bæði Íslandsleikar Special Olympics í áhaldafimleikum og nútímafimleikum. Áhaldafimleikamótið fór fram í Fjölni samhliða Þrepamóti 3. Í ár kepptu 9 keppendur úr Íþróttafélaginu Gerplu á mótinu. Íslandsmeistarar Special Olympics 2022 voru þau Sigmundur Kári Kristjánsson og María Ragnhildur Ragnarsdóttir.

Nútímafimleikamótið fór fram í Íþróttaakademíunni í Keflavík og kepptu 10 keppendur úr Íþróttafélaginu Ösp. Eftir mikla samkeppni endaði Luiza Katarzyna Kierzk sem Íslandsmeistari Special Olympics í nútímafimleikum.









Thelma Aðalsteinsdóttir
Norðurlandameistari á slá!

Norðurlandamót í áhaldafimleikum

Norðurlandamót í áhaldafimleikum var haldið á Íslandi í samvinnu við Íþróttafélagið Gerplu 2. - 3. júlí. Allt fremsta fimleikafólk Norðurlandanna var mætt til leiks. Mótið var stórglæsilegur og skemmtilegur viðburður, mikið um fallega fimleika og umgjörð mótsins með glæsilegasta móti. Keppt var í unglinga- og fullorðinsflokki og sendi Ísland til keppni full mönnuð landslið í öllum flokkum. Hápunktur mótsins fyrir Ísland átti sér stað á úrslita degi þegar Thelma Aðalsteinsdóttir nældi sér í titilinn Norðurlandameistari á slá.

Fimleikasambandið þakkar Gerplu kærlega fyrir samstarfið og frábært móthald.

Meira um Norðurlandamótið í áhaldafimleikum á síðu 23






197


BIRTHDAY






1





Myndataka fyrir Bikarmót í áhaldafimleikum

#fyririsland
#fimleikarfyriralla
#islenskirfimleikar

Innlend mót

Árið 2022 voru haldin 26 innlend mót á vegum Fimleikasambandsins

Á mótum sambandsins voru 5.044 keppendur skráðir til leiks á árinu.
Sextán hópfimleika- og stökkfimimót voru haldin og tíu áhaldafimleikamót.

Covid hafði minni áhrif á keppnistímabilið en síðustu tvö ár, einungis voru felld niður þrjú mót í upphafi árs en það voru Haustmótin sem hafði verið frestað frá haustinu 2021.

Um 30% aukning var á keppendum frá árinu 2021 og fögnum við því að mótahald sé að komast í eðlilegra horf. Keppendur eru þó enn töluvert færri en frá árunum 2018 og 2019, eða um 10% færri.

FSÍ þakkar mótshöldurum fyrir gott starf í þágu fimleika á Íslandi.

Fjöldatölur innlend mót 2022

Dags.	Mót		Afturelding	Ármann	Björk	FIMA	FIMAK	Fjölnir	Fylkir	Gerpla	Grótta	Hamar	Höttur	ÍR	Keflavík	Rán	Selfoss	Sindri	Stjarnan	Þór		Mótshaldari:
5.feb	**Þrepamót 2**	*ÁH*	0	0	23	0	10	7	13	50	0	0	0	0	0	0	0	0	11	0	*114*	Ármann
5.feb	**GK bikarmót í hópfimleikum**	*HÓP*	17	0	0	22	2	16	0	52	10	0	17	0	14	0	27	0	45	0	*222*	FIMA
5.feb	**Haustmót í stökkfimi**	*HÓP*	0	0	0	6	0	6	0	0	10	0	0	0	0	0	0	0	0	7	*29*	FIMA
26.feb	**Þrepamót 1. - 3. þrep**	*ÁH*	0	16	12	0	5	6	8	31	10	0	0	0	11	0	0	0	14	0	*113*	Björk
26.feb	**Bikarmót í hópfimleikum**	*HÓP*	19	0	0	12	7	25	0	50	22	0	15	0	12	0	38	0	55	0	*255*	Fjölnir
26.feb	**Bikarmót í stökkfimi**	*HÓP*	0	0	0	7	0	0	0	0	14	0	0	0	7	0	0	0	0	8	*36*	Fjölnir
11.mar	**Bikarmót unglinga í hópfimleikum**	*HÓP*	68	21	0	84	37	55	0	109	29	11	41	9	29	0	68	0	87	23	*671*	Gerpla
11.mar	**Bikarmót unglinga í stökkfimi**	*HÓP*	34	17	13	11	0	11	0	33	15	6	0	17	0	20	0	0	0	13	*190*	Gerpla
19.mar	**Bikarmót í þrepum**	*ÁH*	0	15	14	0	6	2	12	30	11	0	0	0	15	0	0	0	16	0	*121*	Ármann
26.mar	**Mótaröð 2 í hópfimleikum**	*HÓP*	0	15	0	23	22	12	0	15	27	0	0	0	26	0	38	0	26	0	*204*	FIMAK
9.apr	**Íslandsmót í þrepum**	*ÁH*	0	10	14	0	6	3	7	25	10	0	0	0	7	0	0	0	13	0	*95*	FIMAK
30.apr	**GK meistaramót í áhaldafimleikum**	*ÁH*	0	12	0	0	2	4	4	20	7	0	0	0	4	0	0	0	6	0	*59*	Ármann
30.apr	**Íslandsmót í hópfimleikum (mfl, 1.fl)**	*HÓP*	0	0	0	12	10	11	0	35	0	0	13	0	10	0	13	0	34	0	*138*	Selfoss
7.maí	**Þrepamót 3 og Íslandsleikar Special Olympics**	*ÁH*	0	17	38	0	10	21	20	54	0	0	0	0	5	0	0	0	23	0	*188*	Fjölnir
20.maí	**Vormót í hópfimleikum og stökkfimi**	*HÓP*	85	17	8	69	20	43	0	112	20	16	31	18	22	26	56	0	64	18	*625*	Selfoss
27.maí	**Íslandsmót í hópfimleikum (2. - 3. flokkur, kke)**	*HÓP*	27	20	0	29	16	31	0	40	32	0	14	0	14	0	25	0	44	11	*303*	Stjarnan
27.maí	**Íslandsmót í stökkfimi**	*HÓP*	4	17	16	14	14	10	0	8	14	0	3	8	0	13	0	0	0	18	*139*	Stjarnan
28.maí	**Bikarmót í áhaldafimleikum**	*ÁH*	0	6	14	0	1	5	5	22	6	0	0	0	5	0	0	0	6	0	*70*	Gerpla
11.jún	**Íslandsmót í áhaldafimleikum**	*ÁH*	0	5	12	0	2	2	4	23	6	0	0	0	2	0	0	0	3	0	*59*	Gerpla
29.okt	**Haustmót í áhaldafimleikum**	*ÁH*	0	18	34	0	7	5	13	57	14	0	0	0	7	0	0	0	20	0	*175*	Ármann
5.nóv	**Þrepamót 1**	*ÁH*	0	15	25	0	14	15	20	29	0	0	0	0	6	0	0	0	9	0	*133*	FIMAK
5.nóv	**Mótaröð 1 í hópfimleikum**	*HÓP*	0	4	0	35	9	14	0	58	33	0	11	0	0	0	24	0	14	0	*202*	FIMA
12.nóv	**Haustmót í hópfimleikum (4.fl, kky og kke)**	*HÓP*	64	11	0	39	0	21	0	65	14	13	22	0	13	10	33	0	63	10	*378*	Selfoss
12.nóv	**Haustmót í stökkfimi yngri**	*HÓP*	7	12	9	0	0	0	0	11	40	0	0	9	0	0	0	7	0	12	*107*	Selfoss
19.nóv	**Haustmót í hópfimleikum (mfl, 1. - 3. flokkur)**	*HÓP*	21	5	0	68	32	32	0	55	47	0	18	0	17	0	29	0	46	7	*377*	Höttur
19.nóv	**Haustmót í stökkfimi eldri**	*HÓP*	10	0	0	0	11	0	0	0	0	0	5	0	0	6	0	0	0	9	*41*	Höttur
	Samanlagt per félag:	**26**	**356**	**253**	**232**	**431**	**243**	**357**	**106**	**984**	**391**	**46**	**190**	**61**	**226**	**75**	**351**	**7**	**599**	**136**	**5.044**	
	Hlutfall per félag:		7%	5%	5%	9%	5%	7%	2%	20%	8%	1%	4%	1%	4%	1%	7%	0%	12%	3%		
			6	8	10	3	9	5	14	1	4	17	12	16	11	15	7	18	2	13		
	HÓP	***16***	**339**	**139**	**46**	**403**	**178**	**265**	**0**	**591**	**307**	**46**	**173**	**61**	**150**	**75**	**324**	**7**	**433**	**129**	**3.666**	
	Hlutfall per félag:		9%	4%	1%	11%	5%	7%	0%	16%	8%	1%	5%	2%	4%	2%	9%	0%	12%	4%		
			4	11	15	3	8	7	18	1	6	15	9	14	10	13	5	17	2	12		
	ÁH	***10***	**0**	**114**	**163**	**0**	**53**	**63**	**93**	**291**	**64**	**0**	**0**	**0**	**62**	**0**	**0**	**0**	**110**	**0**	**1.013**	
	Hlutfall per félag:		0%	11%	16%	0%	5%	6%	9%	29%	6%	0%	0%	0%	6%	0%	0%	0%	11%	0%		
			10	3	2	10	9	7	5	1	6	10	10	10	8	10	10	10	4	10		

Höfuðborgarsvæðið	**3.339**	66%
Landsbyggðin	**1.705**	34%

Íslandsmót

Íslandsmót í áhaldafimleikum

Valgarð Reinhardsson úr Gerplu vann öruggan sigur á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum og var þetta sjötti Íslandsmeistaratitill Valgarðs. Thelma Aðalsteinsdóttir úr Gerplu vann í kvennaflokki og er þetta hennar fyrsti Íslandsmeistaratitill í fjölþraut. Mótið fór fram í Versölum í umsjá Gerplu og var sýnt í beinni útsendingu á RÚV.

Baráttan var hörð í kvennaflokki en Thelma bar sigur úr býtum og hlaut 47.650 stig. Í öðru sæti var það Gerplukonan Hildur Maja Guðmundsdóttir með 45.683 stig. Þriðja sætið hlaut Agnes Suto einnig úr Gerplu með 44.750 stig.

Valgarð fékk 79.131 stig fyrir æfingar sínar en hann hefur sigrað í fjölþraut árin 2015, 2017, 2018, 2019, 2021 (ekkert mót árið 2020 vegna Covid) og loks nú 2022. Í öðru sæti var Jónas Ingi Þórisson úr Gerplu með 74.831 stig. Í þriðja sæti, með 73.532 stig, var Martin Bjarni Guðmundsson einnig úr Gerplu.

Íslandsmeistarar unglinga

Unglingaflokkur karla

1. sæti – Sigurður Ari Stefánsson - Fjölni
2. sæti – Lúkas Ari Ragnarsson - Björk
3. sæti – Ari Freyr Kristinsson - Björk

Unglingaflokkur kvenna

1. sæti - Rakel Sara Pétursdóttir - Gerpla
2. sæti - Ragnheiður J. Jóhannsdóttir - Björk
3. sæti - Natalía Dóra S. Rúnarsdóttir - Björk



Íslandsmót í hópfimleikum

Íslandsmót í hópfimleikum var haldið í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi og sýndi RÚV frá mótinu í beinni útsendingu.

Í kvennaflokki var það lið Stjörnunnar sem vann með yfirburðum og varði íslandsmeistaratitilinn. Liðið átti góðan keppnisdag, sigraði á öllum áhöldum og fékk 52.360 stig samanlagt. Í öðru sæti var lið Gerplu með 44.795 stig, í því þriðja var lið ÍA með 41.645 stig. Karlalið Stjörnunnar sýndi áhorfendum hvað í þeim býr og urðu þeir íslandsmeistarar í karlaflokki með 53.095 stig. Blandað lið Selfoss varð íslandsmeistari í flokki blandaðra liða með 33.345 stig.

Íslandsmeistarar unglinga

1. *flokkur kvenna*

1. sæti – Gerpla
2. sæti - Stjarnan
3. sæti - FIMAK

1. *flokkur blandaðra liða*

1. sæti - Gerpla
2. sæti - Höttur









2. sæti
Jónas Ingi Þórisson

3. sæti
Martin Bjarni Guðmundsson

Valgarð Reinhardsson - Íslandsmeistari





2. sæti
Hildur Maja Guðmundsdóttir

3. sæti
Agnes Suto



Thelma Aðalsteinsdóttir - Íslandsmeistari





Stjarnan - Íslandsmeistarar í kvennaflokki

2. sæti
Gerpla

3. sæti
ÍA



Stjarnan - Íslandsmeistarar í karlaflokki



Selfoss - Íslandsmeistarar í blönduðum flokki

Bikarmót

Bikarmót í áhaldafimleikum

Níu kvennalið og fjögur karlalið mættu til keppni á Bikarmót í áhaldafimleikum og var mótið haldið í íþróttafélaginu Gerplu.

Hörð keppni var um bikarmeistaratitilinn í kvennaflokki í ár, en níu lið voru mætt til leiks frá sjö félögum. Gerpla A bar sigur úr býtum með 135.999 stig. Í öðru sæti varð lið Bjarkanna með 131.799 stig. Lið Gróttu hreppti þriðja sætið með 127.665 stig.

Í karlaflokki var það Gerpla 1 sem varði bikarmeistaratitilinn frá því í fyrra með 228.961 stig. Þar að auki hlutu þeir flest stig á öllum áhöldum. Annað sætið hlaut Gerpla A með 197.928 stig. Karlalið Bjarkanna hafnaði í þriðja sæti með 190.928 stig.

Bikarmót í hópfimleikum

Bikarmót í hópfimleikum fór fram í Fimleikahúsi Fjölnis í febrúarmánuði þar sem allt okkar besta hópfimleikafólk var mætt til leiks og sýnd voru frábær tilþrif. Mótið endaði með glæsibrag þegar kvennalið Stjörnunnar sigraði með 53.495 stig, en liðið var með hæstu einkunn á öllum áhöldum. Í öðru sæti var lið Gerplu með 49.265 og í því þriðja Selfoss með 42.110 stig.

Í karlaflokki sigraði lið Stjörnunar með 50.545 stig og í flokki blandaðra liða sigraði Selfoss með 39.810 stig.

Mótið var sýnt í beinni útsendingu á RÚV og var það allt hið glæsilegasta.








GERPLA
POWERADE























Erlend verkefni

Erlend verkefni í hópfimleikum

Helsta verkefni ársins 2022 var Evrópumeistaramót (EM) í hópfimleikum sem fram fór í Lúxemborg dagana 14. - 17. september. Vegna kórónuveirufaraldursins, riðlaðist mótafyrirkomulag Evrópska fimleikasambandsins í hópfimleikum og fór mótið því fram rétt rúmum 10 mánuðum eftir síðasta EM. Má því segja að íslenskir þátttakendur hafi nánast haft samfellt keppnistímabil milli Evrópumóta.

Úrtökuæfingar voru haldnar í maí og úrvalshópar voru valdir út frá þeim. Félagsþjálfarar mættu og aðstoðuðu við framkvæmd æfinganna og tekin voru upp myndbönd af öllum æfingum sem voru síðan greindar af landsliðsþjálfurum. Einnig gafst einstaklingum færi á að senda inn myndbandsupptökur ef þeir áttu ekki tök á að mæta á æfingar t.a.m. vegna búsetu erlendis. Eins og fyrri ár var þátttaka góð og 147 einstaklingar sóttust eftir sæti í úrvalshópum. Sérstaka eftirtekt vakti að yfir 30 drengir tóku þátt sem gefur góð fyrirheit um vöxt í hópfimleikum karla. Í úrvalshópa voru valdir 67 einstaklingar í úrvalshópa fimm liða, kvenna-, karla-, stúlkna-, drengja- og blandaðs liðs unglinga. Stefnt var að þátttöku með 6 lið en því miður var ekki nægur fjöldi karla til að mynda blandað lið fullorðninna að þessu sinni. Áfram verður stefnt að því að senda fulla sveit liða frá Íslandi á næstu mótum.

Landsliðsþjálfarar völdu landslið í samráði við yfirþjálfara landsliða. Val í landslið fór fram í byrjun ágúst en þá voru valdir 12 einstaklingar úr úrvalshópum til að mynda hvert landslið. Í einstaka tilfellum var einstaklingum í unglingaflokki boðið að flytja sig milli liða.

Æfingar fyrir landsliðshópa:
Úrvalshópar og síðar landslið æfðu reglulega frá því um miðjan júní fram að móti. Á þessu tímabili var boðið upp á fræðslufyrirlestra á vegum FSÍ sem snéru t.a.m. að næringu og hugarþjálfun. Landsliðsæfingar fóru fram í fimleikahúsum aðildarfélaga Fimleikasambands Íslands og eru þeim, líkt og áður, færðar bestu þakkir fyrir ómetanlegan stuðning landsliðsverkefninu.

Sérstakar lyftingaræfingar, með sérhæfðum lyftingarþjálfurum, voru haldnar á sunnudögum í aðstöðu Granda Fit yfir sumarmánuðina. Æfingarnar voru 6 talsins og var áhersla lögð á vöðvastyrk, sprengikraft og meiðslafyrirbyggjandi æfingar.

Nýjar áherslur í keppni unglinga voru hafðar að leiðarljósi fyrir þetta Evrópumót. Það kom m.a. fram í því fyrirkomulagi að eins og frekast var unnt til var reynt að skipuleggja keppni með þeim hætti að allir 12 landsliðsmeðlimir fengju að framkvæma æfingar sínar í Lúxemborg. Reyndist þetta fyrirkomulag vel og mat yfirþjálfara að það hafi aukið mjög á þátttökugleði unglingaliðanna.

Evrópumót 2022:
Ísland náði góðum árangri á Evrópumótinu. Í fullorðinsflokki lenti kvennaliðið í öðru sæti og karlaliðið í fimmta sæti. Í unglingaflokki lenti stúlknaliðið í þriðja sæti, drengjaliðið í fimmta sæti og blandaða lið unglinga í fimmta sæti. Tveir íslendingar voru valdir í „All stars“ lið keppninnar, Ásta Kristinsdóttir og Bryndís Guðnadóttir.

Norðurlandamót unglinga í hópfimleikum

Fjögur lið frá Íslandi unnu sér inn keppnisrétt á Norðurlandamóti unglinga í hópfimleikum. Þau voru stúlknalið og blandað lið frá Gerplu, stúlknalið frá Stjörnunni og blandað lið frá Hetti. Mótið fór fram í Randers í Danmörku og var stórglæsileg umgjörð mótsins frábær upplifun fyrir keppendur.
Höttur var á þessu móti í fyrsta skipti að senda lið til keppni á erlendum vettvangi og óskum við þeim innilega til hamingju með þann árangur.

Niðurstöður mótsins fyrir íslensku liðin voru eftirfarandi:
Gerpla stúlknalið - 5. sæti með 45.150 stig.
Stjarnan stúlknalið - 7. sæti með 41.850 stig.
Gerpla blandað lið - 4. sæti með 42.000 stig.
Höttur blandað lið - 6. sæti með 37.700 stig.











Hrefna Ingibjörg Hákonardóttir
Yfirþjálfari hópfimleika



Björn Björnsson
Yfirþjálfari hópfimleika

Yfirþjálfarar landsliða í hópfimleikum Útdráttur úr skýrslu

Öflugt hópfimleikastarf var unnið árið 2022. Stærsta verkefni ársins var Evrópumeistaramót í hópfimleikum í Lúxemborg. Góð þátttaka var í úrtökum fyrir landslið í maí en 147 iðkendur sóttust eftir sæti í landsliði Íslands. 32 drengir mættu í úrtökur sem er merki um jákvæð teikn í þróun hópfimleika karla hér á landi. Fimm lið voru send til keppni á mótið, öll lið Íslands komust í úrslitakeppni mótsins og snéru tvö þeirra tilbaka með verðlaun fyrir sinn árangur. Kvennalið varð í öðru sæti og stúlknalið í því þriðja. Íslenskt fimleikafólk framkvæmdi margar af glæsilegustu æfingum mótsins og voru tveir Íslendingar valdir í úrvalslið mótisins, þær Ásta Kristinsdóttir og Bryndís Guðnadóttir. Verkefni ársins 2023 snúa að því að hefja undirbúning fyrir næsta Evrópumeistaramót sem fram fer árið 2024.



Erlend verkefni í áhaldafimleikum

Árið 2022 var viðburðaríkt landsliðsár í áhaldafimleikunum. Árið byrjaði af fullum krafti strax í febrúar þegar Jón Sigurður Gunnarsson hóf keppni á Heimsbikarmótaröðinni. Jón Sigurður, eða Nonni eins og hann er betur þekktur í fimleikaheiminum, ferðaðist til Þýskalands, Qatar og Egyptalands til þess að freista þess að næla sér í sæti á Heimsmeistaramótinu sem sérfræðingur á hringjum. Nonni var hársbreidd frá markmiði sínu en því miður tókst honum ekki að næla sér í sæti að þessu sinni.

Íslenska landsliðsfólkið var sigursælt á Norðurlandamóti sem haldið var í Gerplu í byrjun júlí. Ísland sendi til keppni fullskipuð A landslið og unglingalandslið. Íslenska kvennalandsliðið nældi sér í bronsverðlaun í liðakeppninni, en þær Agnes Suto, Dagný Björt Axelsdóttir, Guðrún Edda Min Harðardóttir, Margrét Lea Kristinsdóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir skipuðu bronsliðið. Thelma Aðalsteinsdóttir kom, sá og sigraði á slá og sótti sér titilinn Norðurlandameistari á slá. Þau Guðrún Edda, Hildur Maja og Valgarð Reinhardsson unnu einnig til verðlauna í fullorðinsflokki. Guðrún Edda með brons á slá, Hildur Maja silfur á gólfi og Valgarð með silfur á gólfi og stökki. Ragnheiður Jenný Jóhannsdóttir sótti sér silfur á stökki í unglingaflokki, en alls átti Ísland tíu keppendur í úrslitum, þrjá í fullorðinsflokki og þrjá í unglingaflokki.

Í ágústmánuði sendi Fimleikasamband Íslands fullmönnuð landslið á Evrópumótið í Munich, Þýskalandi. Var það í fyrsta skipti í átta ár sem Ísland sendi fullmannað karlalið til keppni á Evrópumóti. Mótið var fjölíþróttamót, þar sem keppt var í níu íþróttagreinum. Keppnin og umgjörðin var hin glæsilegasta og kepptu íslensku keppendurnir í Olympiahallen. Efst íslenskra kvenna var hún Thelma Aðalsteinsdóttir með 47.698 stig, Hildur Maja Guðmundsdóttir fékk 44.398 stig og Agnes Suto 41.665, en þær kepptu í fjölþraut. Margrét Lea Kristinsdóttir keppti á gólfi og stökki og Guðrún Edda Min Harðardóttir keppti á tvíslá og gólfi og áttu þær báðar góðan keppnisdag. Valgarð varð efstur íslensku keppendanna í karlaflokki með 77.098 stig, næstur var Jónas Ingi Þórisson með 72.865 stig og þar á eftir Martin Bjarni Guðmundsson með 69.098, en þeir kepptu allir í fjölþraut. Atli Snær Valgeirsson keppti á gólfi, bogahesti, stökki og tvíslá og Jón Sigurður keppti á hringjum. Ísland sendi þrjá keppendur til keppni í unglingaflokki, þau Sigurð Ara Stefánsson, Lúkas Ara Ragnarsson og Ragnheiði Jennýju Jóhannsdóttur og stóðu þau sig öll með prýði á stóra sviðinu.

Frábær keppni hjá þeim Valgarði Reinhardssyni, Jónasi Inga Þórissyni, Thelmu Aðalsteinsdóttur og Hildi Maju Guðmundsdóttur á Evrópumótinu skilaði þeim fjölþrautarsæti á Heimsmeistaramótinu sem haldið var í Liverpool, Englandi, dagana 29. október – 6. nóvember. Þetta var í fyrsta skipti sem undankeppni var haldin fyrir Heimsmeistaramótið og telst það mikill sigur fyrir Ísland að tryggja sér öll þau fjögur fölþrautasæti sem voru í boði á Heimsmeistaramótinu. Valgarð, Thelma, Jónas Ingi og Hildur Maja mættu til leiks vel undirbúin og sýndu þau öll glæsilega fimleika í Liverpool. Það má geta þess að umtalað var hvað glæsileikinn geislaði af íslensku konunum.

Í lok árs sendi Ísland karlalandslið til keppni á Norður Evrópumótinu. Þar náði karlalandsliðið þeim sögulega árangri að næla sér í bronsverðlaun, en það er í fyrsta skipti sem karlalandsliðið kemst á pall í liðakeppni á NEM. Liðið skipuðu þeir; Atli Snær Valgeirsson, Ágúst Ingi Davíðsson, Dagur Kári Ólafsson, Jónas Ingi Þórisson, Martin Bjarni Guðmundsson og Valgarð Reinhardsson. Þeir Valgarð, Dagur, Martin og Jónas kepptu til úrslita á einstökum áhöldum og þar nældi Valgarð sér í tvö silfur, á stökki og svifrá.

Fimleikasambandið tók einnig þátt í Junior Team Cup og EYOF en bæði verkefnin eru unglingaverkefni. Unglingalandslið karla á Junior Team Cup skipuðu þeir Ari Freyr Kristinsson, Lúkas Ari Ragnarsson, Sigurður Ari Stefánsson og Stefán Máni Kárason. Lúkas Ari gerði tvö glæsileg stökk í undanúrslitum sem skilaði honum sæti í úrslitum á stökki. Unglingalandsliðin á EYOF skipuðu þau Ari Freyr Kristinsson, Lúkas Ari Ragnarsson, Sigurður Ari Stefánsson, Arna Brá Birgisdóttir, Natalía Dóra S. Rúnarsdóttir og Ragnheiður Jenný Jóhannsdóttir.

Myndir frá HM









Landsliðsþjálfari kvenna
Útdráttur úr skýrslu landsliðsþjálfara



Ferenc Kováts

Ég, Ferenc Kováts, tók við stöðu landsliðsþjálfara í apríl 2022, eftir langt og erfitt tímabil, þar sem að Covid 19 faraldurinn hafði mikil og neikvæð áhrif á samfélagið, íþróttina og sérstaklega á íþróttafólkið okkar. Megin markmið verkefnisins sem ég setti upp fyrir 2022 - 2023 tímabilið var að byggja upp sterkt lið og undirbúa liðið vel fyrir landsliðsverkefni ársins. Að auki lagði ég mikla áherslu á aukin samskipti og samvinnu milli keppenda, félagsþjálfara, félaga og FSÍ.

Ég vonaði að mikil áhersla á góðan keppnisundirbúning myndi skila sér í keppni, sem það gerði og mun ég halda áfram að leggja áherslu á undirbúninginn. Vinnusemi og samkeppni er lykillinn að bættum árangri í framtíðinni. Ég er ánægður og stoltur af árangri landsliðsins í ár og ég er stoltur af mínu framlagi.

Ég var vongóður fyrir niðurstöðum Norðurlanda- og Evrópumótsins og það má segja að árangurinn hafi farið fram úr mínum væntingum. Frábær árangur skilaði Íslandi tveimur fjölþrautasætum á Heimsmeistaramótinu og enduðum við svo þetta farsæla tímabil á æfingabúðum með hópi af konum sem eiga svo sannarlega framtíðina fyrir sér.

Landsliðsþjálfari unglinga
Útdráttur úr skýrslu landsliðsþjálfara



Sif Pálsdóttir

Ég tók við sem landsliðsþjálfari unglinga í byrjun apríl 2022 og fekk samning til 5 mánaða. Á þessu tímabili voru þrjú verkefni sem unglingarnir voru að fara að taka þátt í, Norðurlandamót unglinga, EYOF og Evrópumót unglinga. Það var búið að boða á opna samæfingu í apríl fyrir unglingana. GK meistaramót var laugardaginn 30. apríl og fór ég til að fylgjast með unglingum. Eftir GK meistaramót valdi ég 22 stelpur í úrvalshóp sem komu frá átta félögum. Ég var með tvær úrvalshópa æfingar í maí mánuði.

Eftir Íslandsmót þá valdi ég sjö stelpur úr úrvalshópi sem skipuðu landslið fyrir Norðurlandamót unglinga. Ég var með sjö landsliðsæfingar fyrir Norðurlandamót. Ég valdi þrjár stelpur sem fóru á EYOF í júlí mánuði og fór félagsþjálfarinn þeirra Jóhannes Níels Sigurðsson með þær á fimleikamótið. Fyrir Evrópumót unglinga þá valdi ég eina stelpu til þátttöku og þar sem hún var að fara ein, þá fór félagsþjálfarinn hennar með henni, sem er Jóhannes Níels Sigurðsson. Eftir Evrópumótið var samning mínum framlengt til áramóta. Það var önnur opin samæfing 16. október, þar sem úrvalshópurinn kom saman á æfingu og síðan voru tvær stuttar fimleikaæfingar í desembermánuði.

Landsliðsþjálfari karla og unglinga
Útdráttur úr skýrslu landsliðsþjálfara



Róbert Kristmannsson

Árið 2022 hjá karlalandsliðinu einkenndist af löngu og þéttu keppnistímabili, þetta byrjaði á heimsbikarmóta röð í febrúar – apríl, bikarmót og íslandsmeistaramót í maí – júní, NM í júlí, EM í lok ágúst, HM miðjan september og endum á NEM í Finlandi í nóvember.
Þetta var strembið og mikið álag á landsliðsfólk og alla sem koma að landsliðsmálum en það var tæklað af mikilli fagmennsku og skilningi.

Það sem stóð upp úr á árinu var að við náum þeim sögulega árangri að vinna til verðlauna sem lið á Norður – Evrópumóti í fyrsta skipti í sögu áhaldafimleika karla á Íslandi, þrátt fyrir stór mistök á tvíslá þá létum við það ekki hafa áhrif á okkur sem sýnir þann karakter og miklu liðsheild sem býr í þessum strákum og negldum svifrá og gólf sem skilaði sér 3. sæti í liðakeppni, einnig áttum við tvo keppendur í úrslitum á flestum áhöldum og við unnum til verðlauna á stökki og svifrá.

Fimleikar er langhlaup og við höldum áfram að sigla uppá við, við erum byrjuð að uppskera fyrir þá vinnu sem lagt hefur verið í síðustu ár, með bættum og betri æfingatíma, skipulagi og þolinmæði munum við ná enn lengra og halda áfram að skrifa nýja kafla í íslenskri fimleikasögu.

Árið hjá unglingunum byrjaði með krafti á Berlín Cup í apríl, ungir og efnilegir strákar og margir að taka þátt í sínu fyrsta verkefni á erlendum vettvangi. Eins og hjá körlum þá spannaði keppnistímabilið yfir sumarið NM, EYOF og EM, strákarnir réðu ágætlega við það mikla álag sem fylgir því að vera í keppnisstandi en voru þó alveg klárir í smá frí eftir síðasta verkefni. Tveir drengir náðu settum lágmörkum fyrir EM, það sem var lagt upp með var að fara og sína æfingar sem þeir réðu 100% við, vera spenntir og gera fallega fimleika, það gekk eftir og þeir voru glæsilegir fulltrúar Íslands.

Nú er að hífa upp erfiðleika æfinga, fá inn allar sérkröfur og halda vinnunni áfram.



EM hornið Smáralind og Lúxemborg

Á meðan Evrópumótið í hópfimleikum fór fram í Lúxemborg dagana 14. - 17. september var sett upp svokallað „Fan Zone“ í Smáralind, þar sem hægt var að horfa á alla keppnisdaga Evrópumótsins í beinni útsendingu.

Sett var upp EM horn í samstarfi við forsætisráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið, þar sem áhorfendur gátu komið saman, horft á mótið á stórum skjá, skemmt sér saman og stutt landsliðið. Mótið var einnig sýnt á litlum skjáum út um alla Smáralind, þar sem gangandi vegfarendur gátu staldrað við og horft á okkar glæsilega fimleikafólk. Á úrslitadegi A landsliða var boðið upp á skemmtidagskrá allan daginn. Þar á meðal voru fimleikaatriði, handstöðukeppni, sirkussýning og boðið upp á eiginhandaráritun frá HM-förum í áhaldafimleikum svo eitthvað sé nefnt. Dagskráin endaði í EM horninu, þar sem sameinast var og horft á úrslitakeppnina í kvenna- og karlaflokki.

Stuðningsmannaferð til Lúxemborg var unnin í samstarfi við ferðaskrifstofuna Vita sem seldist vel á og var mikið af stuðningsmönnum samankomnir í sérstakt „Fan Zone" fyrir íslenska stuðningsmenn í Lúxemborg.






KVENNALIÐ








Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð Fimleikasambandsins fór fram 5. janúar þar sem árangri ársins 2022 var fagnað.

Rúmlega 100 manns, bæði iðkendur, þjálfarar og aðrir fimleikaunnendur áttu saman góða kvöldstund á uppskeruhátíð Fimleikasambandsins. Þar var Fimleikafólk ársins heiðrað ásamt heiðursfélaga og önnur verðlaun veitt. Sú nýbreytni var á hátíðinni að fimleikafólk ársins 2021 og 2020 þau Helgi Laxdal Aðalgeirsson og Andrea Sif Pétursdóttir krýndu fimleikafólk ársins 2022. Einnig var Kahoot spurningakeppni milli borða sem þóttist heppnast það vel að á tímabili í keppninni var fólk hætt að vita sitt eigið nafn.

Lið ársins

Íslenska karlalandsliðið í áhaldafimleikum átti frábæran dag á Norður Evrópumóti, gerði sér lítið fyrir og vann til bronsverðlauna. Liðið skrifaði þar með nafn sitt í sögubækurnar, þar sem íslenskt karlalandslið í áhaldafimleikum hefur aldrei áður unnið til liðaverðlauna á Norður-Evrópumóti.

Liðið skipuðu þeir Atli Snær Valgeirsson, Ágúst Ingi Davíðsson, Dagur Kári Ólafsson, Jónas Ingi Þórisson, Martin Bjarni Guðmundsson og Valgarð Reinhardsson. Varamaður var Valdimar Matthíasson, allir æfa þeir í Gerplu. Þjálfarar liðsins eru Róbert Kristmannsson og Viktor Kristmannsson.








Afrek ársins

Afrek ársins er sá frábæri árangur sem áhaldalandsliðin okkar náðu á árinu. Þvílíkt ár hjá okkar fólki, sem hefur æft af kappi undanfarið og ekki látið neitt stoppa sig á sinni vegferð. Markmiðum var náð og erum við ákaflega stolt af þeim og þeirra afrekum.

Helstu afrek áhaldalandsliðanna á árinu 2022

- **Thelma Aðalsteinsdóttir** – Norðurlandameistari á slá
- **Valgarð Reinhardsson** – 4 silfurverðlaun, 2 á NM og 2 á NEM
- **Hildur Maja Guðmundsdóttir** – Silfurverðlaun á NM
- **Guðrún Edda Min Harðardóttir** – Bronsverðlaun á NM
- **Bronsverðlaunahafar á Norður Evrópumóti** - Karlalandslið Íslands
- **Bronsverðlaunahafar á Norðurlandamóti** - Kvennalandslið Íslands
- **4 keppendur unnu sér keppnisrétt á Heimsmeistarmótinu í Liverpool, þau:**
  - Thelma Aðalsteinsdóttir og Hildur Maja Guðmundsdóttir
  - Valgarð Reinhardsson og Jónas Ingi Þórisson

Þá eru ótalin öll þau úrslit sem okkar fólk komst í á einstökum áhöldum, á þeim alþjóðlegu mótum sem við tókum þátt í á árinu.



Fimleikakona ársins

Thelma Aðalsteinsdóttir



Fimleikakarl ársins

Valgarð Reinhardsson



Heiðursfélagi

Birgir Guðjónsson hefur tengst fimleika- og reyndar frjálsíþróttahreyfingunni líka frá unga aldri sem iðkandi, þjálfari og dómari, þó lengst af sem iðkandi og er enn að, kominn á níræðisaldur. Hann hefur verið ötull sjálfboðaliði hreyfingarinnar, þar sem hann hefur verið læknir fimleikamóta, stjórnarmaður og formaður á sínum langa ferli. Hann æfði fimleika hjá ÍR undir handleiðslu Valdimars Örnólfssonar, fyrsta formanns FSÍ, sem fékk Birgi til að taka við þjálfun á drengjaflokki félagsins haustið 1959, en þar sem ekki var lengur virk stjórn á deildinni lenti allt á breiðum herðum Birgis, hann varð allt í senn, þó ekki formlega; formaður, stjórn og þjálfari.

Gullmerki FSÍ

Arnar Ólafsson tók við formennsku á Fimleikaþingi árið 2014 og þegar hann lét af störfum haustið 2021 hafði hann setið lengst allra formanna sambandsins, ásamt Ásgeiri Guðmundssyni sem sinntu báðir formennsku í sjö ár, en stjórnarseta Arnars spannar hins vegar 9 ár.

Það hefur verið mikill fengur fyrir FSÍ að hafa notið reynslu og þekkingar hans undanfarin ár. Á þessum sjö árum var grettistaki lyft í starfsemi sambandsins og var Arnar drifkraftur og hugmyndasmiður þeirra starfsháttа sem nú eru við lýði.





Leiðtogi ársins

Rakel Másdóttir starfar sem þjálfari og deildarstjóri í Gerplu. Hún hefur á undanförnum árum byggt upp deildina sína sem er almenn deild, félaginu og fimleikum í landinu til framdráttar. Innan deildarinnar eru fimleikar fyrir fatlaða sem Rakel sinnir af alúð og allir fá þjónustu við hæfi á sínum forsendum.

Þjálfari ársins

Þórdís Þöll Þráinsdóttir hefur starfað sem yfirþjálfari hjá ÍA í um 6 ár. Á þessum um 6 árum hefur hún unnið þýðingamikið starf í uppbyggingu félagsins þar sem hún átti mikinn þátt að móta starf og stefnu félagsins. Síðan Þórdís hóf störf sem yfirþjálfari félagsins hefur iðkendafjöldi félagsins margfaldast og er félagið nú fjölmennasta deildin innan raða ÍA.





Fjölmiðlaverðlaun

Fimleikahjónin Hlín Bjarnadóttir og Guðmundur Þór Brynjólfsson eru sinn eigin fjölmiðill ef svo má segja. Þau standa vaktina á hverju einasta sjónvarpsmóti hvort sem það eru hóp- eða áhaldafimleikar, innlend eða erlend mót, þar sem þau standa fyrir öflugu kynningarstarfi á fimleikagreininni. Þau ná til fimleikaunnenda en einnig stuðla þau að því að nýir aðdáendur bætist í hópinn þar sem allir þeir sem hlýða á lýsingar þeirra á fimleikum hrífast með.

Starfsmerki

Bjarni Gíslason: Það hefur verið fengur fyrir fimleikadeild Aftureldingar að fá Bjarna til liðs við sig en undir hans forystu hefur iðkendafjöldi aukist um 38%. Með metnaði sínum, áhuga, forystufærni og ástríðu fyrir fimleikum hefur honum tekist að gera starfið faglegra, auka þjónustuna og þá þjálfun sem boðið er upp á.

Linda Hlín Heiðarsdóttir: Linda hefur verið viðloðandi fimleikadeild Keflavíkur í 10 ár og sinnt þar hinum ýmstu störfum. Hún hefur verið formaður deildarinnar síðastliðin þrjú ár, tekið að sér þjálfun og kom á laggirnar hóp fyrir börn með sérþarfir. Draumur Lindu er að stækka verkefnið og bjóða einnig upp á æfingar fyrir eldri iðkendur með sérþarfir.





Kristjana Ýr Kristinsdóttir: Kristjana hefur starfað við þjálfun í fjöldamörg ár þrátt fyrir ungan aldur. Undanfarin ár hefur hún starfað við þjálfun yngri keppnishópa en starfar nú sem yfirþjálfari yngri keppnishópa hjá Fimleikafélaginu Björk og sinnir því starfi af mikilli alúð og ábyrgð. Hún sér heildarmyndina og reynir eftir fremsta megni að púsla starfinu þannig að ekki halli á neinn og allir gangi í takt.

Guðrún Björk Kristinsdóttir: Guðrún Björk er sönn Bjarkarkona og var sjálf iðkandi á sínum yngri árum og hefur fylgt Fimleikafélaginu Björk eftir í mörg ár. Guðrún Björk hefur yfirumsjón yfir grunnhópastarfi Bjarkanna hjá 5 og 6 ára iðkendum og fer fyrir fjölda barna á hverri æfingu og má í raun segja að hún sé hryggjarstykkið í þjálfun yngstu iðkenda félagsins. Hún er metnaðarfull og ákveðin, hún mætir iðkendum á þeirra forsendum .

Dominiqua Alma Belányi: Dominiqua hefur starfað í kringum fimleika frá unga aldri meðfram sínum eigin frábæra fimleikaferli. Nú starfar hún sem íþróttastjóri hjá Fimleikafélaginu Björk auk þess sem hún þjálfar yngri keppnishópa félagsins. Bæði hennar dýrmæta reynsla í íþróttinni sem og sú menntun sem hún hefur sótt sér skilar sér í frábærri blöndu og miklum skilning á fimleikaheiminum, bæði sem stjórnanda og þjálfara.



Nefndir FSÍ

Tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna

Störf tækninefndar á tímabilinu hafa að mestu snúið að verkefnum tengdum mótahaldi innanlands auk þess að sinna uppfærslum og utanumhaldi á íslenska fimleikastiganum og menntun dómara á Íslandi. Á árunu bættust við tveir nýjir alþjóðlegir dómarar, þær Dominiqua Alma Belanyi og Norma Dögg Róbertsdóttir.



Auður Ólafsdóttir



Hildur Ketilsdóttir



Ragna Þyrí Ragnarsdóttir



Sandra Matthíasdóttir



Þorbjörg Gísladóttir

Tækninefnd í áhaldafimleikum karla

T Á árinu bættust við fjórir nýjir alþjóðlegir dómarar, þeir Hróbjartur Pálmar Hilmarsson, Þórir Arnar Garðarsson, Jón Sigurður Gunnarsson og Þorsteinn Hálfdánarson. Haldið var innlent dómararnámskeið á árinu, Daði Snær Pálsson og Sigurður Hrafn Pétursson kenndu á dómaranámskeiðinu. Góð þátttaka var á námskeiðinu, kennt var upp úr Code of Points, glærum frá alþjóðlega dómarnámskeiðinu og úr Íslenska fimleikastiganum. Þátttakendur fengu kynningu á reglunum og útskýringar á smáatriðum á hverju áhaldi. Í lok hvers áhalds voru nokkrar æfingar dæmdar og farið yfir hverja æfingu saman til að öðlast sameiginlegan skilning. Af námskeiðinu útskrifuðust 8 D dómarar og 35 E dómarar.



Sigurður Hrafn Pétursson



Daði Snær Pálsson



Eva Hrund Gunnarsdóttir



Hróbjartur Pálmar Hilmarsson

Tækninefnd í hópfimleikum

Árið var annasamt hjá nefndinni. Breytingar voru á mótaskrá, fleiri mót og ýmislegt sem þurfti að takast á við út frá nýju fyrirkomulagi. Nokkuð var um undanþágubeiðnir sem afgreiddar voru á sem sanngjarnastan máta. Nokkrar úttektir á þreföldum heljarstökkum og mikið álag var vegna dómaramönnunar. Á nýju starfsári mætti vinna að skýrari verkferlum og ítarlegri kröfum móta til þess að minnka álag á þá sjálfboðaliða sem sitja í nefndinni.



Una Brá Jónsdóttir



Ragnar Magnús Þorsteinsson



Erika Dorielle Sigurðardóttir



Þórdís Þöll Þráinsdóttir



Kristinn Þór Guðlaugsson



Emma Líf Jónsdóttir



Halla Steingrímsdóttir

Nefnd um Fimleika fyrir alla

Helsta verkefni FFA nefndarinnar á síðasta tímabili var að funda um framhald FFA á Íslandi og hvernig best er að hátta innlendum viðburðum. Næstu verkefni nefndarmanna og starfsmanna FSÍ er að klára að stilla upp viðburðum sem stefnt er að hefja sumarið 2023.



Rakel Másdóttir



Fríða Rún Þórðardóttir



Anna Hulda Ingadóttir



Jórunn Dóra Sigurjónsdóttir

Aga- og siðanefnd

Nefndin hefur leiðbeinandi- og ráðgefandi hlutverk í málum sem snerta aga- og siðareglur Fimleikasambandsins. Nefndin vinnur fyrir iðkendur og er ráðgefandi um það til hvaða aðgerða ráðlagt sé að grípa til ef fram kemur kvörtun, rökstuddur grunur eða ábending um einelti eða ofbeldi af einhverju tagi í tengslum við starfsemi á vegum eða ábyrgð FSÍ. Nefndin hefur það hlutverk að stuðla að og efla forvarnir með leiðbeiningum og fræðslu, m.a. til aðildarfélaga FSÍ, til þess að koma í veg fyrir að brot á aga- og siðareglum viðgangist innan aðildarfélaga og að til staðar sé viðbragðsáætlun komi slík mál upp.



Lína Ágústsdóttir



Una Emilsdóttir



Hildur Skúladóttir

Laga- og reglunefnd

Laganefnd FSÍ er kjörin til tveggja ára í senn og á árinu 2022 voru Hjalti Geir Erlendsson, Guðrún Björk Bjarnadóttir og Sigurbjörg Fjölnisdóttir kjörin í nefndina. Hjalti Geir gegndi stöðu formanns nefndarinnar þetta tímabilið. Nefndin hefur tekið til skoðunar einstök mál sem stjórn FSÍ og framkvæmdastjóri hafa beint til hennar, svo sem yfirferð á reglugerðum og yfirferð reglna og laga í undirbúningi fyrir þing FSÍ.



Sigurbjörg Fjölnisdóttir



Hjalti Geir Erlendsson



Guðrún Björk Bjarnadóttir

Heilbrigðisnefnd og fagteymi

Frá því heilbrigðisnefnd var stofnuð hafa verkefni hennar verið margvísleg. Nefndin hefur komið að mótahaldi, ýmist leiðbeint og eða aðstoðað við sjúkragæslu á mótum og unnið viðbragðsáætlun við slysum svo eitthvað sé nefnt. Auk þess hafa aðilar innan heilbrigðisnefndar stutt við afreksstarf sambandsins með fyrirlestrum og fræðslu sem og að fylgja landsliðum í erlend verkefni.



Guðjón Einar Guðmundsson



Hera Jóhannesdóttir



Andri Wilberg Orrason



Þórdís Ólafsdóttir



Kristín Gísladóttir



Ásdís Guðmundsdóttir



Sandra Dögg Árnadóttir



Fimleikasamband Íslands

Ársreikningur samstæðu
2022

Fimleikasamband Íslands
Kt. 540169-2849
Engjavegi 6
Reykjavík 104

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðu ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Hagnaður ársins nam 13.527.150 kr. Heildareignir 31. desember 2022 námu 78.903.452 kr og eigið fé á sama tíma var 68.653.892 kr.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður verði færður til hækkunar á eigin fé félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Fimleikasamband Íslands, staðfesta hér með samstæðu ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2023

Stjórn og framkvæmdastjóri

Sigurbjörg Fjölnisdóttir
formaður

Sólveig Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Magnús H. Jónasson
varaformaður

Þór Ólafsson
Gjaldkeri

Halldóra Guðvarðardóttir
Ritari

Axel Þór Eysteinsson
Meðstjórnandi

Marta Sigurjónsdóttir
Meðstjórnandi

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
Meðstjórnandi

Áritun óháðs skoðunarmanns

Til stjórnar Fimleikasambands Íslands.

Við höfum unnið meðfylgjandi samstæðu ársreikning fyrir Fimleikasamband Íslands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Álit
Það er álit okkar að samstæðu ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fimleikasambands Íslands á árinu 2022 , efnahag sambandsins 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 7. maí 2023

F8 Consulting,

Sævar Guðjónsson

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar Fimleikasambands Íslands.

Við höfum yfirfarið samstæðu ársreikning fyrir Fimleikasamband Íslands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Álit

Það er álit okkar að samstæðu ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fimleikasambands Íslands á árinu 2022, efnahag félagsins 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022 ,og teljum ekki ástæðu til athugasemda.

Reykjavík, 7. maí 2023

Jochum Ulriksson

Hafsteinn Þórðarson

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Rekstrartekjur:				
Styrkir og framlög	1	131.353.553	106.111.778	108.444.304
Innlend mót og sýningar	2	35.438.100	43.438.913	32.218.050
Alþjóðleg mót og sýningar	3	147.221.899	159.330.500	63.676.346
Námskeið og fræðsluefni	4	11.576.500	12.220.000	13.530.000
Leyfiskerfi	5	24.207.850	22.272.500	12.145.150
Aðrar tekjur	6	3.908.172	2.645.750	3.875.159
Fimleika events ehf.		5.942.305	800.000	0
Rekstrartekjur samtals		359.648.379	346.819.441	233.889.009
Rekstrargjöld:				
Rekstargjöld	7	89.184.581	83.826.135	80.797.825
Innlend mót og sýningar	8	27.540.451	34.647.999	27.191.946
Alþjóðleg mót og sýningar	9	212.619.491	215.137.844	132.077.055
Námskeið og fræðsluefni	10	8.605.203	10.958.000	10.061.802
Leyfiskerfi		0	0	0
Önnur gjöld		3.343.328	0	0
Afskriftir		715.000	0	0
Fimleika events ehf.		4.059.405	0	1.520.000
Rekstrargjöld samtals		346.067.459	344.569.978	251.648.628
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		13.580.920	2.249.463	(17.759.619)
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		658.003	200.000	275.733
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(140.432)	(100.000)	(394.072)
Gengismunur		(571.341)	1.000.000	
Hreinar fjármunatekjur		(53.770)	1.100.000	(118.339)
Tekjuskattur		0	0	0
Hagnaður (tap) ársins		13.527.150	3.349.463	(17.877.958)

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	'31.12.2022	'31.12.2021
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Skrifstofuáhöld og tæki		0	0
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur		38.581.332	12.422.142
Aðildafélög		7.626.711	7.364.132
Aðrar skammtímakröfur		0	0
Minningasjóður Áslaugar		466.449	535.339
Greiðslukort		0	0
Afrekssjóður		1.968.454	1.838.314
Handbært fé		30.260.506	43.307.263
Veltufjármunir samtals		78.903.452	65.467.190
Eignir samtals		78.903.452	65.467.190
Eigið fé og skuldir			
Hlutafé		500.000	500.000
Óráðstafað eigið fé		68.153.892	54.626.742
Eigið fé samtals		68.653.892	55.126.742
Langtímaskuldir:			
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum		0	0
Langtímaskuldir samtals		0	0
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		5.877.910	6.367.681
Ógr. launatengd gjöld		3.744.899	2.825.945
Greiðslukort		626.751	1.128.022
Ógreidd opinber gjöld		0	18.800
Skammtímaskuldir samtals		10.249.560	10.340.448
Skuldir alls		10.249.560	10.340.448
Eigið fé og skuldir samtals		78.903.452	65.467.190

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		13.527.150	(16.346.202)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		715.000	0
Veltufé frá rekstri		14.242.150	(16.346.202)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(26.483.019)	2.435.404
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(90.888)	(3.477.664)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(26.573.907)	(1.042.260)
Handbært fé frá rekstri		(12.331.757)	(17.388.462)
Aðrar hreyfingar:			
Leiðrétting viðskiptamanna		(715.000)	0
Aðrar hreyfingar samtals		(715.000)	0
Breyting handbærs fjár á árinu		(13.046.757)	(17.388.462)
Handbært fé í ársbyrjun		43.307.263	60.695.725
Handbært fé í árslok		30.260.506	43.307.263

Skýringar með ársreikningi

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðsreikningsskil og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

2. Rekstrartekjur sem að mestu leyti eru vegna framlaga,styrkja,móta og leyfiskerfis, eru færðar í rekstrarreikning þegar unnið er til þeirra. Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Lotun gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn þegar til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.
Vaxtagjöld eru færð til gjalda í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi skulda.

Erlendar eignir og skuldir

4. Eignir og skuldir sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við árslokagengi. Eignir eru færðar á kaupgengi Seðlabanka Íslands en skuldir á sölugengi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

7. Sjóður og bankainnstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða teljast til handbærs fjár.

Aðrar skýringar

Skipting launakostnaðar

8. Skipting launa starfsmanna Fimleikasambands Íslands er skipt upp í fjögur svið sem eru, stjórnunarsvið, mótasvið, afrekssvið og fræðslusvið.

Sundurliðanir

1. Styrkir og framlög

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Ríkisstyrkur ÍSÍ	3.420.000	3.420.000	3.420.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	5.652.290	3.116.949	5.387.415
Afrekssjóður ÍSÍ	64.724.775	65.700.000	56.050.000
Lottó	22.921.573	23.491.000	27.382.326
Ólympíusamhjálp, YOG/OG ofl.	1.688.539	0	0
Samstarfsaðilar	4.643.730	5.213.829	3.542.569
Fimleikasjóður	139.000	170.000	224.000
Aðrar tekjur	28.163.646	5.000.000	12.437.994
Styrkir og framlog samtals	131.353.553	106.111.778	108.444.304

2. Innlend mót og sýningar

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
FSÍ Mót	24.213.100	24.740.913	5.721.500
Önnur mót	0	0	0
Framlag aðildarfélaga	11.165.000	18.578.000	2.840.000
Samstarfsaðilar	0	0	0
Aðrar tekjur	60.000	120.000	2.930.095
Innlend mót og sýningar samtals	35.438.100	43.438.913	11.491.595

3. Alþjóðleg mót og sýningar

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Áhaldafimleikar	5.011.236	7.002.000	3.090.000
Hópfimleikar	16.408.142	18.139.000	5.185.000
Fimleikar fyrir alla	31.742.440	47.584.500	606.000
Framlag aðildarfélaga	91.805.000	85.120.000	53.970.000
Aðrar tekjur	2.255.081	1.485.000	825.346
Alþjóðleg mót og sýningar samtals	147.221.899	159.330.500	63.676.346

4. Námskeið og fræðsluefni

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Þjálfaranámskeið	1.920.000	4.000.000	2.475.000
Dómanámskeið	5.915.500	4.220.000	0
Önnur námskeið	696.000	500.000	0
Framlag aðildarfélaga	3.045.000	3.500.000	6.055.000
Aðrar tekjur	0	0	5.000.000
Námskeið og fræðsluefni samtals	11.576.500	12.220.000	13.530.000

5. Leyfiskerfi

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Kopar leyfi	9.603.200	7.880.000	5.374.800
Brons leyfi	3.343.000	2.611.000	1.118.600
Silfur leyfi	8.178.250	9.324.500	4.292.200
Gull leyfi	1.744.400	1.774.500	928.550
Þjálfaraleyfi	1.339.000	682.500	431.000
Leyfiskerfi samtals	24.207.850	22.272.500	12.145.150

6. Aðrar tekjur

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Félagaskipti	110.000	73.500	67.500
Aðrar tekjur	3.556.581	2.572.250	1.465.669
Aðrar tekjur erlendis	241.591	0	2.341.990
Sjónvarpsréttur	0	0	0
Aðrar tekjur samtals	3.908.172	2.645.750	3.875.159

7. Rekstrargjöld

	Skýr.	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Laun og launatengd gjöld	11	79.921.283	74.578.541	70.807.368
Hugbúnaðarkostnaður		1.670.996	1.312.594	1.613.233
Markaðsstarf		5.000	0	122.755
Prentun og ritföng		45.700	100.000	82.407
Símakostnaður		576.092	310.000	309.995
Internetkostnaður		565.543	460.000	452.572
Samstarfsaðilar		0	0	0
Ferðakostnaður - UEG/FIG/Skrifstofa		0	0	0
Bókhaldskostnaður/ráðgjöf		196.850	2.000.000	1.860.000
Menntun starfsfólks		60.903	200.000	0
Gjafir		669.244	430.000	877.417
Uppskeruhátíð		698.302	390.000	120.540
Þing		303.476	315.000	377.924
Fundarkostnaður		288.049	470.000	519.500
Tölvur og tæki		1.076.833	500.000	666.086
Húsaleiga		2.745.216	2.400.000	2.495.652
Tryggingar		20.226	110.000	259.829
Annar kostnaður		340.868	250.000	232.547
Rekstrargjöld samtals		89.184.581	83.826.135	80.797.825
Laun og launatengd gjöld FSÍ		79.921.283	74.578.541	70.807.368
Laun - önnur svið en stjórnunarsvið		(51.449.326)	(52.424.292)	(42.894.857)
Laun stjórnunarsviðs samtals		28.471.957	22.154.248	27.912.511

8. Innlend mót og sýningar

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Dómarakostnaður	9.952.691	9.656.750	7.460.000
Endurgreitt til mótshaldara	2.909.337	3.071.259	2.470.750
Afsláttur mótshaldara af mótagj.	788.650	962.650	715.000
Verðlaun	1.618.080	1.779.340	1.179.723
Annar mótakostnaður	441.804	50.000	937.489
Húsaleiga	11.165.000	18.578.000	13.909.000
Tölvukostnaður	664.889	500.000	519.984
Ritföng/prentun	0	50.000	0
Flutningskostnaður	0	0	0
Annar kostnaður	0	0	0
Innlent mót og sýningar	27.540.451	34.647.999	27.191.946
Skipting launa vegna mótahalds	10.822.674	10.163.173	10.966.520
Innlent mót og sýningar - skipting	38.363.125	44.811.172	38.158.466

9. Alþjóðleg mót og sýningar

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Þátttökugjöld	13.749.268	10.960.040	3.413.731
Flug	24.977.274	37.627.100	15.512.837
Hótel	37.408.530	37.765.860	20.005.681
Búningakostnaður	4.941.903	7.601.850	6.837.315
Sjúkrakostnaður	16.520	202.650	1.281.511
Ferðakostnaður	4.263.129	4.285.144	1.082.184
Matur	5.212.379	7.564.700	2.051.962
Tryggingakostnaður	742.368	1.122.000	435.089
Laun landsliðsþjálfara	14.105.000	10.650.000	10.964.000
Hæfileikamótun	3.512.947	3.570.000	7.690.497
Fagteymi	9.139.733	6.378.500	7.060.396
Styrkir	2.538.006	1.000.000	1.450.000
Húsaleiga	91.823.600	85.120.000	53.970.000
Annar kostnaður	188.834	1.290.000	321.852
Alþjóðleg mót og sýningar samtals	212.619.491	215.137.844	132.077.055
Laun vegna alþjóðlegra móta og sýninga	26.149.245	25.933.565	17.189.157
Laun vegna fagteymis	2.905.472	3.241.695	1.909.906
Alþjóðleg mót og sýningar - skipting	241.674.207	244.313.104	151.176.118

10. Námskeið og fræðsluefni

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Húsaleiga	3.045.000	3.500.000	6.055.000
Matur	286.253	114.000	84.756
Tækjaleiga	1.035.000	600.000	0
Ferðakostnaður	97.725	195.000	177.775
Prentun	0	0	6.994
Kennsla	3.344.000	4.089.000	1.437.500
Túlkakostnaður	0	0	0
Námsefnisgerð	747.285	2.460.000	2.299.777
Annar kostnaður	49.940	0	0
Námskeið og fræðsluefni samtals	8.605.203	10.958.000	10.061.802
Laun vegna námskeiða og fræðsluefnis	11.571.936	13.085.859	12.829.274
Námskeið og fræðsluefni - skipting	20.177.139	24.043.859	22.891.076

11. Launagreiðslur

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Fært á stjórnunarsvið	28.471.957	22.154.248	27.912.511
Fært á mótasvið	10.822.674	10.163.173	10.966.520
Fært á afrekssvið	29.054.716	29.175.260	19.099.063
Fært á fræðslusvið	11.571.936	13.085.859	12.829.274
Heildarlaunagreiðslur	79.921.283	74.578.541	70.807.368


Fimleikasamband
Íslands